

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 25. maí 2011 í máli nr. E-608/2011:

Flemming Dan Christensen

(Steingrímur Þormóðsson hrl.)

gegn

Löndun ehf.

(Guðmundur Ágústsson hrl.)

Tryggingamiðstöðinni hf.

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Tryggingamiðstöðinni hf.

einnig til réttargæslu

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 18. maí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Flemming Dan Christensen, Hjaltabakka 2, Reykjavík á hendur Löndun ehf., Kjalarvogi 21, Reykjavík og Tryggingamiðstöðinni, Síðumúla 24, Reykjavík. Tryggingamiðstöðinni hf. er einnig stefnt til réttargæslu. Stefna málsins er birt 1. og 4. febrúar 2011.

Stefnandi krefst þess, að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda Löndunar ehf., vegna líkamsáverka, er stefnandi varð fyrir við vinnu í frystilest hjá Löndun ehf., þann 18. mars 2010 er hann kól á fingrum beggja handa og á tám. Þá gerir stefnandi einnig þá kröfu að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi eigi rétt á bótum úr launþegatryggingu Löndunar ehf., hjá Tryggingamiðstöðinni, vegna sama atviks og áverka. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi, Löndun ehf., krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Af hálfu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. er krafist sýknu og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Málavextir

Stefnandi starfaði tímabundið hjá stefnda, Löndun ehf., en félagið er með launþegatryggingu hjá Tryggingamiðstöðinni hf. Dagana 17. og 18. mars 2010 var verið að landa frosnum fiski úr ms. Polar Nanoq og ms. Manu, sem eru grænlenkir frystitogarar. Fyrri daginn var landað úr Polar Nanoq í Hafnarfirði og var þá unnið frá 07.00 til 19.00 og seinni daginn var unnið við ms. Manu frá kl. 08.00 til 13.40 og átti sú löndun sér stað í Reykjavík.

Stefnandi kveður að honum hafi verið mjög kalt báða dagana og að hann hafi einungis fengið gúmmívettlingar til að nota við vinnuna, en hann hafi mætt klæddur þykkum útivinnusamfestingi og í góðum skóm með stáltá. Stefndi, Löndun ehf., kveður að stefnanda, eins og öðrum starfsmönnum, hafi verið lagðir til vettlingar með gripi (gulir) og innri vettlingar (grænir). Þá hafi honum staðið til boða samfestingur og skór með stáltá. Kveður stefndi að stefnandi hafi komið vel skóaður til vinnu og afþakkað sérstaka skó.

Ágreiningslaust er að unnið var við kaldar aðstæður og hafi frostið verið -20° til -30° og hafi seinni dagurinn verið kaldari en sá fyrri.

Hinn 18. mars 2010 kveðst stefnandi hafa hætt vinnu um kl. 13.40 og um kl. 15.00 hafi hann leitað til slysadeildar vegna verkja í fingrum.

Hinn 20. mars 2010 leitaði stefnandi lögmanns samanber umboð hans.

Hinn 23. mars 2010 tilkynnti stefndi, Löndun ehf., Sjúkratryggingum Íslands um kalið á fingrum stefnanda.

Hinn 24. mars 2010 var Vinnueftirliti ríkisins tilkynnt að stefnandi hefði kalið á fingrum. Fram kemur í tilkynningunni að stefnandi hafi ekki látið neinn vita af óþægindum sínum þegar hann hvarf af vettvangi, en það hafi hins vegar verið hringt í verkstjóra hjá stefnda, Löndun ehf., að kvöldi 18. mars 2010 og látið vita að stefnandi hefði leitað til Slysadeildar vegna óþæginda í fingrum.

Stefnandi var síðan meðhöndlaður á Slysadeild og var greining þar sú að hann hefði hlotið kal á þrem fingrum á vinstri hendi og tveimur á þeirri hægri. Stefnandi var til meðferðar hjá Jóhanni Róbertssyni, lækni og sérfræðingi í handaskurðlækningum. Í læknisvottorði Jóhanns segir að stefnandi hafi kalið á fingrum og ták, en tærnar hafi sloppið betur. Fingurnir séu hins vegar illa leiknir og valdi stefnanda óvinnufærni auk þess sem varanlegar afleiðingar séu staðreynd, þó umfang þess sé ekki fullkomlega ljóst að svo stöddu. Felast varanlegar afleiðingar m.a. í styttingu umræddra fingra, verkjum, viðkvæmni og kuldaþoli. Vottorðið er stöðuvottorð, og er stefnandi enn í meðferð og undir eftirliti.

Hinn 6. apríl 2010 óskaði stefnandi eftir afstöðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. til bótaskyldu vegna atviksins.

Hinn 20. apríl 2010 höfnuðu Sjúkratryggingar Íslands umsókn stefnanda um bætur úr slysatryggingum almannatrygginga.

Hinn 4. maí 2010 hafnaði stefndi, Tryggingamiðstöðin hf., bótaskyldu m.a. með vísan til skilmála þeirra er um launþegatryggingu Löndunar ehf. giltu, en þar segir í 4. mgr. 1. gr. að með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannanlega án vilja hans og taldi félagið að atvikið félli ekki undir þessa skilgreiningu og þar af leiðandi ekki undir trygginguna.

Stefnandi vísaði þá málinu til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sem, með álit dags. 29. júní 2010, komst að þeirri niðurstöðu að atvikið væri hvorki bótaskyldt úr slysatryggingu launþega né ábyrgðartryggingu Löndunar ehf. hjá stefnda Tryggingamiðstöðinni hf.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína, um viðurkenningu á skaðabótaskyldu Löndunar ehf., á vinnuveitandaábyrgð félagsins og almennu skaðabótareglunni.

Hann telur að honum hafi ekki verið útvegaður nægjanlegur hlífðarbúnaður, heldur hafi honum einungis verið réttir gúmmívettlingar. Slíkt sé ekki í samræmi við ákvæði laga um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, samanber einnig ákvæði reglugerðar um notkun persónuhlífa, nr. 497/1997. Stefnandi bendir á að stefndi, Löndun ehf., haldi því fram, að öllum starfsmönnum séu útvegaðir þykkir vettlingar sem ætlaðir séu til að verja þá gegn kulda og að stefnandi hafi fengið tvenn pör af vettlingum við upphaf vinnu. Af því leiðir að óumdeilt sé að einfaldir gúmmívettlingar veiti ekki nægjanlega vörn gegn því frosti sem unnið var í.

Stefnandi bendir á að er hann yfirgaf vinnustaðinn og leitaði á slysideild hafi stefndi hvorki tilkynnt slysið til Vinnueftirlits ríkisins né heldur þegar honum var tilkynnt um áverkana í símtali síðar sama dag. Þar með hafi stefndi vanrækt skyldu sína, sbr. 79. gr. laga um aðbúnað, öryggi og hollustu á vinnustöðum, nr. 46/1980.

Stefnandi telur að óumdeilt sé að orsakasamband sé á milli þeirrar háttsemi stefnda, að útvega ekki nægjanlegan hlífðarbúnað, og þeirra áverka sem stefnandi varð fyrir. Sú vanræksla stefnda getur ekki talist óhappatilvik, enda hafi komið fram af hálfu stefnda, að aðrir starfsmenn hans hafi ávallt fengið tvenn pör af vettlingum.

Stefnandi kveðst einnig byggja á því sjálfstætt, að hann hafi verið settur til vinnu í lokuðu kældu rými og honum hafi verið gert að vinna þar í alltof langan tíma, án þess að fá að fara úr rýminu til að jafna sig á kuldanum. Þá kveður stefnandi að hann hafi verið látinn vinna fyrir framan blásara sem veitt hafi köldu lofti að honum. Því hafi verið eðlilegt að hann skipti um vinnustað eða skipt hefði verið við hann á vinnuáðstæðum og menn færðir til með jöfnu milli bili, þannig að einhver samstarfsmaður hans hefði verið látinn taka við af stefnanda, þar sem hann stóð í vindinum frá blásaranum. Byggir stefnandi á, að þessar vinnuáðstæður hafi brotið gegn meginreglum reglugerðar nr. 429/1995 um vinnu í kældu og lokuðu rými. Þá hafi verkstjórn ekki verið hagað í samræmi við skyldur verkstjóra skv. lögum nr. 46/1980 og stefnandi ekki haft kost á upphituðu svæði til að fara í með jöfnu milli bili til að jafna sig á kuldanum.

Stefnandi telur að ef rannsókn hefði farið fram, væru atvik að fullu upplýst. Vanræksla stefnda á skyldum sínum eigi að leiða til þess að hann beri hallann af sönnunarskorti, auk þess sem það standi honum nær að upplýsa með sannanlegum hætti, hvernig aðstöðu og aðbúnaði hafi verið háttað við umrædda vinnu. Af því leiðir að fullyrðingar stefnda, um að stefnanda hafi verið látnir í té þykkir vettlingar innanundir gúmmívettlinga sem stefnandi notaði við vinnu sína, séu ósannaðar. Þar með uppfyllti hann ekki skyldur sínar skv. lögum um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum og reglugerð um notkun persónuhlífa.

Stefnandi byggir einnig á að skort hafi á leiðbeiningar til hans um þá áhættu sem fylgir því að vinna í frosti. Stefnda hafi borið að upplýsa stefnanda um öryggisatriði og þær ráðstafanir sem grípa á til ef kuldaáreiti er mikið. Stefnandi byggir enn fremur á, að um sé að ræða slys í skilningi váttryggingaskilmála stefnda, nr. 380, váttryggingaréttar, meginreglna vinnuréttar og skaðabótaréttar, sem og laga um almannatryggingar. Slys sé skyndilegur, utanaðkomandi atburður, sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.

Óumdeilt sé að kal teljist til utanaðkomandi atburðar. Þegar meta á, hvort atburðurinn teljist skyndilegur, sé nauðsynlegt að líta til þeirra sérstöku aðstæðna sem fyrir hendi séu, þegar unnið er í frystilest. Ljóst sé að aðdragandi kals sé sá, að maður sé útsettur fyrir miklum kulda. Sé litið svo einfalt á hlutina sé hægt að segja, að ekki sé um skyndilegan atburð að ræða, en það myndi einnig þýða að einstaklingar, sem vinna við aðstæður, svo sem frost eða mikinn hita, gætu aldrei talist hafa orðið fyrir slysi af völdum bruna eða kals. Slíkt sé hins vegar ótækt. Skoða beri sérhvert atvik sérstaklega, í ljósi þeirra aðstæðna sem um ræðir hverju sinni.

Það sé skilningur stefnanda að atburður teljist skyndilegur, nema fyrir sé að fara viðvörun eða fyrirboða, sem sé óeðlilegur og vari einstakling við þeirri hættu sem hugsanleg er. Stefnandi hafi verið við vinnu í frystilest og ætla má að hitastigið hafi verið á bilinu -20°C til -35°C . Kuldatilfinning sé af þeim sökum alls ekki óeðlilegt ástand og getur á engan hátt talist fyrirboði eða viðvörun, sem stefnandi hafi mátt, m.a. vegna reynsluleysis, ætla að myndi leiða til frekari afleiðinga, t.d. kals. Er að mati stefnanda ekki hægt að líta svo á, að við vinnu í frosti sé hægt að telja kuldatilfinningu sem óeðlilegt ástand og að hann hafi þar af leiðandi ekki orðið fyrir skyndilegum atburði, þegar í ljós hafi komið að búnaður, sá sem honum var skaffaður, hafi ekki veitt nægjanlega vörn gegn því frosti sem honum var gert að vinna í. Liggi þar helst til grundvallar að slysatburðurinn hófst ekki þegar stefnandi fór niður í frystilest til vinnu. Slysatburðurinn hófst þegar ljóst varð að hlífðarbúnaður, áður nefndir gúmmívettlingar, veittu ekki nægjanlega vörn gegn því frosti sem var í lestinni, og varð til þess að eðlileg kuldatilfinning breyttist í kal. Fyrirliggjandi sé vottorð Jóhanns Róbertssonar læknis, um að umskiptin úr kulda yfir í kal séu óvænt og ófyrirsjáanleg. Fram komi í vottorðinu að alvarleiki kals fari eftir dýpt þess. Yfirborðskal skilji ekki eftir sig menjar, en dýpra kal hafi alvarlegri afleiðingar, svo sem útlímamissi. Þegar einstaklingur sé útsettur fyrir frosti dragist æðar í húð saman og í kjölfarið komi dofatilfinning og verkur. Sé kuldaáreitið áfram til staðar, nái kalið til dýpri vefja og sársaukinn hverfur. Hins vegar komi kalið ekki í ljós fyrr en kuldaáreitið hættir og blóðrás eykst. Það geti síðan tekið nokkrar vikur að koma fram og afmarkast greinilega. Umskiptin úr kulda yfir í kal í dýpri vefjum sé, skv. vottorðinu, óvænt. Að þessu gættu verði ekki séð að stefnandi

hafi átt að verða þess var, hvenær ástand hans fór úr því að vera kuldatilfinning í að vera kal. Og að því virtu er ekki neinum vafa undirorpið að þessi einstaki atburður teljist óvæntur í öllum skilningi þess orðs.

Stefnandi byggir einnig á, að enda þótt ekki verið viðurkennt að um slys hafi verið að ræða, þá hafi vinnuáðstæður verið óforsvaranlegar og leitt til líkamstjóns stefnanda og á því beri vinnuveitandi hans ábyrgð, skv. meginreglum laga nr. 46/1980. Í því sambandi vísar stefnandi til tilskipunar EBE frá 12. júní 1989, nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana til að stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Einnig skírskotar stefnandi til tilskipunar nr. 89/655/EBE frá 30.11. 1989 í sama skyni.

Byggir stefnandi á, að greina verði á milli þeirra skyldna sem hvíli á vinnuveitanda annars vegar og skyldna starfsmanna, sem háðir eru boðvaldi verkstjóra vinnuveitanda hins vegar. Byggir stefnandi á, að þegar um líkamstjón sé að ræða sem rekja megi til þess, að vinnuveitandi hafi ekki farið að settum reglum um öryggi á vinnustað, beri vinnuveitandi ábyrgð á því líkamstjóni sem starfsmaðurinn verði fyrir. Byggir stefnandi á, að ekki hafi verið um ófyrirséðar kringumstæður að ræða. Ábyrgð vinnuveitanda stefnanda fái einnig stoð í 3. mgr. 5. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE sem og dómi EFTA dómstólsins í málinu nr. E-2/10, þar sem segir, að skyldur starfsmanna á sviði öryggis við vinnu sína skuli ekki hafa áhrif á meginregluna um ábyrgð vinnuveitanda, sem hvíli fyrst og fremst á vinnuveitanda. Í því efni vísar stefnandi einnig til 23. gr. a, skaðabótalaga, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009.

Hvað varðar dómkröfu stefnanda um viðurkenningu á að hann eigi rétt á bótum úr launþegatryggingu Löndunar ehf., hjá Tryggingamiðstöðinni hf., byggir stefnandi á kjarasamningum þeim sem hann hafi fallið undir og almennum reglum vinnuréttar þar að lútandi, sem og skilmálum tryggingarinnar og IX. kafla váttryggingasamningalaga um hópvátryggingar. Ljóst sé að slysið olli meiðslum á líkama stefnanda, sbr. sjúkraskrá og læknisvottorð Í málsatvikum sé ekkert sem bendir til annars en að slysið og líkamsáverkarnir hafi sannanlega átt sér stað án vilja stefnanda.

Um sök stefnda vísar stefnandi til sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Stefndi beri ábyrgð á því að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta við framkvæmd vinnu, samanber 13. gr. og 37. gr. laga nr. 46/1980. Enn fremur skuli hann fylgja ákvæðum reglugerða, sem settar eru þessum ákvæðum til fyllingar. Þeirra á meðal er reglugerð um notkun persónuhlífa nr. 497/1997. Þar er lögð skylda á vinnuveitendur að sjá starfsmönnum fyrir persónuhlífum sem henta til varnar þeirri áhættu sem um sé að ræða og hæfa ríkjandi aðstæður á vinnustað. Skulu þær m.a. vera til einstaklingsnota og látnar starfsmönnum í té endurgjaldslaust, samanber 4. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt 7. gr. sömu reglugerðar skulu starfsmenn fá upplýsingar um allar ráðstafanir sem gripið sé til á sviði öryggis og heilsu starfsmanna er þeir nota persónuhlífar á vinnustöðum.

Stefnandi vísar til 14. gr. laga nr. 46/1980 varðandi upplýsingaskyldu vinnuveitanda um slysa- og sjúkdómshættu, sem kann að vera bundin við starf. Að lokum sé vísað til 79. gr. sömu laga varðandi skyldu atvinnurekanda til að tilkynna öll slys til Vinnueftirlits ríkisins.

Varðandi bótaábyrgð úr slysaftryggingu launþega skírskotar stefnandi til skýringar á slyshugtakinu í 4. mgr. 1. gr. vátryggingaskilmála stefnda, nr. 380 og nefndra lagaraka.

Málsástæður og lagarök stefnda, Löndunar ehf.

Stefndi telur að ekki megi rekja meiðsl stefnanda til hans, starfsmanna hans eða atvika sem hann geti borið skaðabótaábyrgð á. Kveðst stefndi hafa útvegað stefnanda þann hlífðarfatnað sem lög og reglur kveða á um og gera má kröfu til að hann sem atvinnurekandi útvegi starfsmönnum sínum við aðstæður sem þessar. Stefnanda hafi staðið til boða vettlingar, skór og samfestingur. Um sé að ræða vandaðar vörur frá viðurkenndum framleiðendum sem gefist hafi mjög vel við vinnu í miklum kulda. Ekkert sé komið fram um að hlífðarbúnaður þessi hafi verið gallaður.

Verkstjórn á staðnum hafi verið með hefðbundnu sniði. Því sé mótmælt að verkstjóri hafi sett stefnanda til starfa við aðrar aðstæður en aðra starfsmenn eða hann mismunað starfsmönnum á þann hátt að stefnandi hafi búið við verri starfsskilyrði en aðrir sem voru í lestinni. Þá sé því mótmælt að samstarfsmenn stefnanda í lestinni hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi átt þátt í því, eða verið þess valdandi, að stefnandi hlaut þá áverka sem fram koma í læknisvottorðum. Þá sé því harðlega mótmælt að stefnda hafi ekki tilkynnt atvikið til Vinnueftirlits ríkisins og hann hafi spilt sönnunargögnum. Stefndi kveðst hafa fengið tilkynningu um meiðsl stefnanda seint á föstudagskvöldi og tilkynnt það til Vinnueftirlitsins á þriðjudegi næstu viku á eftir. Ekki sé um það að ræða að unnið sé í lokuðu rými. Vinna fari fram í lest þar sem loftar vel um vinnusvæðið og aðgengi í og upp úr vinnurýminu sé gott. Starfsmenn geta því hvenær sem þeir óska yfirgefið svæðið tímabundið eða ótímabundið án utanaðkomandi aðstoðar. Telst þetta því ekki lokað rými í skilningi reglna nr. 429/1995.

Stefndi telur að líkamsmeiðsl stefnanda geti ekki flokkast sem slys í skilningi skaðabótaréttar. Ekki sé um að ræða óvæntan utanaðkomandi atburð. Hvað þetta varðar að öðru leyti vísast til greinargerðar réttargæslustefnda og er tekið undir þau sjónarmið sem þar eru rakin.

Stefndi telur að líkamsmeiðsl stefnanda verði að rekja til stefnanda sjálfs. Annað hvort hafi honum verið hætta við líkamstjóni af þessu tagi vegna þess að hann hafi kalið áður eða vegna skerðingar í blóðrás til útlíma, eða stefnandi ekki farið að leiðbeiningum verkstjóra við framkvæmd vinnunnar. Ef raunin er sú að stefnandi hafi ekki notað þá vettlinga sem honum voru útvegaðir, og þess í stað notað aðra vettlinga, verði ábyrgð á meiðslum fyrst og fremst rakin til hans sjálfs. Líta verði jafnframt til þess að stefnandi sé um fimmtugt og með reynslu af störfum við erfiðar aðstæður. Vissi hann um þá hættu sem sé á kali við mikinn kulda, og nauðsyn þess að verja sig vel á höndum og fótum með hlífðarfatnaði, eða a.m.k. mátti hann gera sér grein fyrir hættunni. Þá mátti stefndi gera þá kröfu til stefnanda að hann gerði athugasemdir, eða vakti máls á því við verkstjóra stefnda, ef hlífðarbúnaðurinn væri ekki fullnægjandi eða vinnuaðstaðan og aðbúnaðurinn ófullnægjandi. Því sé harðlega mótmælt að verkstjórn á staðnum hafi verið

ábótavant og stefnandi hafi verið látinn vinna á ákveðnum stað og ekki fengið að fara upp úr lestinni.

Þá sé á því byggt að meiðsl stefnanda stafi af óhappatilviljun sem stefndu geti ekki borið ábyrgð á.

Um lagarök vísar stefndi til almennra reglna á sviði skaðabótaréttar, einkum sé vísað til skilyrða vinnuveitandaábyrgðar sem stefndi telur ekki vera fyrir hendi í þessu máli. Sök sé ekki fyrir hendi. Um málskostnað vísast til 130. gr. eml. og til laga um virðisaukaskatt.

Málsástæður og lagarök stefnda, Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Stefnda, Tryggingamiðstöðinni hf., er annars vegar stefnt til réttargæslu vegna viðurkenningar bótaskyldu vinnuveitandaábyrgðar meðstefnda, Löndunar ehf., sem snýr að ábyrgðartryggingu félagsins og hins vegar einu og sér til greiðslu bóta úr launþegatryggingunni.

Hvað varðar ætlaða greiðsluskyldu úr launþegatryggingunni telur stefndi að deilan snúist alfarið um skilgreiningu hugtaksins slyss í skilningi skilmála þeirra er um trygginguna giltu.

Stefndi kveðst hafna því, að meiðsl þau er stefnandi varð fyrir við vinnu sína hjá meðstefnda, Löndun ehf., hafi orðið á þann veg að það teljist slyss samkvæmt skilmálanum. Hugtakið slyss sé sérstaklega skilgreint í skilmálanum og þar segir orðrétt í gr.1.4 . „Með orðinu slyss er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.“ Stefndi kveður að þetta sé sú skilgreining sem almennt sé talin gilda í íslenskum rétti um hugtakið slyss og sé hún í fullu samræmi við kenningar fræðimanna og dómvenju um þetta álitæfni.

Af hálfu stefnanda sé lögð á það áhersla að það að verða fyrir kali teljist skyndilegur atburður, nema fyrir sé að fara viðvörðun eða fyrirboða, sem sé óeðlilegur og vari einstakling við þeirri hættu sem hugsanleg er. Stefndi telur að hér sé um misskilning að ræða og þetta eigi ekki stoð í viðurkenndri túlkun á hugtakinu og sé því mótmælt.

Stefndi telur það ekki skipta máli við mat á meintri bótaskyldu, hvort umskiptin úr kulda yfir í kal séu óvænt og ófyrirsjáanleg. Kjarni málsins að þessu leyti sé sá, að þegar einstaklingur verði fyrir kali sé um að ræða ástand sem vari í langan tíma og megi í sjálfu sér reikna með við tilteknar aðstæður. Það sé því hvorki óvænt né ófyrirsjáanlegt, að einstaklingur geti orðið fyrir kali, sé hann nógu lengi á stað þar sem frost er verulegt. Hitt sé svo annað mál að einstaklingar þola kulda misvel og í því tilvikum sem hér um ræðir má ljóst vera, að kuldaþol stefnanda sé sérstaklega lágt, enda séu þess ekki dæmi að starfsmenn meðstefnda, Löndunar ehf., hafi orðið fyrir kali í langri sögu fyrirtækisins og landanir úr frystitögurum eins og hér var verið að vinna við skipta hundruðum. Þá bendir stefndi á að tólf aðrir starfsmenn félagsins hafi verið við vinnu í lestinni og engum öðrum en stefnanda orðið meint af dvölinni þar.

Stefndi telur útilokað að fallast á það með stefnanda að meiðsl þau er hann hlaut í kjölfar vinnu sinnar um borð í ms. Manu 18. mars 2010 geti talist slys í skilningi skilmála launþegatryggingarinnar. Hér sé augljóslega ekki um að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs og sannanlega án vilja hans, sem er eins og fyrr sagði skilyrði bótaskyldu úr umræddri tryggingu og í samræmi við niðurstöðu Sjúkratrygginga Íslands og Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Það er því ljóst að stefndi Tryggingamiðstöðin hf. er ekki einn um þessa skoðun.

Af þessu leiðir að ekki er fallist á þá kröfu stefnanda að viðurkennd sé bótaskylda úr launþegatryggingunni og hlýtur að verða að sýkna stefnda af þeim þætti málsins.

Hins vegar er Tryggingarmiðstöðinni hf. stefnt til réttargæslu varðandi ætlaða bótaskyldu meðstefnda, Löndunar ehf., vegna vinnuveitandaábyrgðar, sem lýtur að ábyrgðartryggingu Löndunar ehf. hjá Tryggingamiðstöðinni hf.

Meðstefndi, Löndun ehf., hefur í greinargerð sinni fært rök fyrir því að skaðabótaskylda sé ekki fyrir hendi hvað fyrirtækið varðar og hafnar alfarið bótaskyldu sinni vegna atviksins. Réttargæslustefndi tekur undir sjónarmið sem þar koma fram og gerir þau að sínum eftir því sem við getur átt og er sammála meðstefnda að ekki verði fallist á að félagið hafi sýnt af sér saknæma vanrækslu í aðdraganda atviks þess sem hér er til skoðunar.

Sérstök áhersla sé þó lögð á þá staðreynd að til þess að atvikið geti fallið undir ábyrgðartryggingu meðstefnda, Löndunar ehf., samkvæmt skilmálum þeim er um trygginguna giltu, þarf að vera um skyndilegan eða óvæntan atburð að ræða, en orðrétt segir um þetta í gr. 3.1.: „Váttryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á váttryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun, enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs eða óvænts atburðar.“ Sömu sjónarmið og rakin voru að framan varðandi launþegatrygginguna eiga því við hér og ættu því einnig að leiða til sömu niðurstöðu, þ.e. sýknu.

Skýrslur fyrir dómi

Stefnandi gaf ekki skýrslur fyrir dómi, en eiginkona hans, Harpa Pétursdóttir, kom fyrir dóminn. Hún kvað stefnanda hafa farið á starfsstöð stefnda, Löndunar ehf., hinn 16. mars og sótt þar um vinnu, en hann hafði verið atvinnulaus frá 1. desember 2009. Starfið hafi ekki verið auglýst. Hún kvað hann hafa vitað að hann færi að vinna við uppskipunum úr frystilest. Hann hafi farið til vinnu klæddur ullarsokkum, ullarpeysu, með góða húfu, í úlpu og fóðruðum vinnuskóm með stáltá. Að morgni 17. mars kveður mætta að stefnandi hafi komið fljótt heim aftur og náð í sinn eigin vinnugalla, sem var fóðraður Ístaksgalli. Að kvöldi 17. mars hafi hann komið heim um kvöldmatarleytið og ekki kvartað um kulda; hafi hann reyndar verið aumur í fingrum, sennilega vegna þreytu. Hinn 18. mars hringir hann í mættu á leið heim úr vinnu og þá hafi fingurnir verið orðnir svartir. Þá hafi hann farið á slysadeildina. Mætta kveðst hafa hringt til Hólmars Þórs Unnarssonar verkstjóra um kl. 16.40 og tilkynnt um kal í fjórum eða fimm fingrum. Mætta segir

að stefnandi hafi talað um að einu vinnufötin sem hann hafi fengið hjá stefnda, Löndun ehf., hafi verið vettlingar og sýnir í dómnum loðfóðraða, appelsínugula gúmmívettlinga. Mætta kveður að vinnuteymið hafi ákveðið að vinna af sér hádegismatinn svo þeir gætu hætt fyrr. Mætta kveður stefnanda ekki vera kulsækinn, hann hafi ekki undirliggjandi sjúkdóma en hann reyki.

Í framburði Stefáns Sigurjónssonar, framkvæmdastjóra stefnda, Löndunar ehf., kom fram að stefnandi hafi komið á starfsstöð stefnda og sótt um vinnu þar. Seinna sama daga var hann kallaður til vinnu daginn eftir. Mætti kveður að stefnanda, eins og öllum öðrum nýjum starfsmönnum, hafi verið afhentir tvennir nýir vettlingar. Mætti segir að daginn eftir hafi stefnandi mætt á Vogabakkann í Reykjavík og þar hafi mætti afhent stefnanda persónulega tvenna vettlinga en þá hafi hann komið án vettlinga. Mætti segir að stefnandi hafi aldrei kvartað um aðbúnað og hann hafi horfið á braut rétt áður en vinnu var lokið hinn 18. mars. Að kvöldi þess dags frétti mætti að stefnandi hefði farið á slysadeild þá um daginn. Mætti kvaðst hafa sent Vinnueftirlitinu tilkynningu eftir helgina því þá lá alvarleiki málsins fyrir. Ástæða þess að tilkynningin hefði ekki verið send fyrr en 24. mars var sú að mætti náði ekki í öryggistrúnaðarmanninn Kevin Hauksson fyrr en þann dag, en Löndun ehf. er með nokkrar starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Stefnandi fékk þriggja mánaða laun og auk þess greidda fatapeninga. Síðan var innheimt hjá mætta andvirði vettlinganna. Mætti kveður að í Manu hafi ekki verið blásturskæling. Þá kveður mætti að rýmið sé opið og það sé stigi með handriðum upp úr lestinni. Mætti kveður að Löndun ehf. hafi starfað frá 1987. Mætti þekkir ekki til að starfsmenn hans hafi fengið kalsár. Mætti kveður að þrettán manna teymi sé í uppskipuninni, þar af séu sjö til níu manns niðri í lestinni.

Í framburði Hólmars Þórs Unnarssonar, verkstjóra hjá Löndun ehf., kom fram að fyrri daginn hafi þeir unnið í Hafnarfirði. Hann kvaðst þá hafa afhent stefnanda vettlinga, gula og græna. Hann muni ekki hvort stefnandi hafi verið með þessa vettlinga seinni daginn. Hann kveður að vanalega séu sjö menn að vinna saman í lestinni. Hann kveður að Manu sé ekki með blásurum en Polar Nanoq sé bæði með blásurum og hitapírólum. Mætti kveður að stefnandi hafi farið nokkrum sinnum upp fyrri daginn til að hlýja sér og telur það eðlilegt fyrir óvana menn. Seinni daginn hafi stefnandi unnið í Manu. Sú lest sé lokaðri og kaldari en lestin í Polar Nanoq. Hann kveður þrettán manna gengi sjái um uppskipun, þar af sjö menn í lest, og nýir menn byrji yfirleitt í lestinni. Meginreglan sé sú að vanur og óvanur maður vinni saman í teymi. Aðspurður kveður mætti að stefnandi hafi unnið hægt og það sé erfiðara að halda á sér hita þegar menn leggi sig ekki fram. Mætti kveður að eiginkona stefnanda hafi hringt í hann að kvöldi 18. mars og tilkynnt um kalið. Mætti kvaðst hafa tilkynnt framkvæmdastjóra þetta um hæl.

Pétur Kristinsson, starfsmaður hjá Löndun ehf., kom fyrir dóminn. Hann kvaðst hafa unnið í tuttugu ár hjá stefnda. Hann kvaðst sjaldan hafa séð latari starfsmann en stefnanda og stefnandi hafi reynt að koma sér hjá verkum. Mætti sagði að menn ynnu sér til hita í frystilestum. Hann minni að stefnandi hafi verið með vettlinga eins og hver annar starfsmaður. Hann telur að stefnandi hafi ekki unnið með loðfóðrara gúmmíhanska því þeir geri ekkert gagn í frystilestum. Gúmmívettlingar lofti ekki og menn svitni. Auk þess séu þeir ekki með grip. Hann kveður að seinni daginn hafi stefnandi sífellt verðið að hlaupa uppá dekk til að hlýja sér og hafi hann verið eini starfsmaðurinn sem hafi gert það. Hann kveður að enginn blásari sé í Manu, þetta sé ekki lokað rými og það sé auðvelt að fara upp úr

lestinni. Mætti kveður að vinnuteymið ákveði sjálf hvort þeir taki hádegishlé eða vinni áfram og klári verkið eins og þeir hafi gert hinn 18. mars. Mætti muni ekki til þess að aðrir starfsmenn hafi fengi kalsár.

Niðurstaða

Mál þetta er að rekja til þess að stefnandi var í vinnu hjá stefnda, Löndun ehf, hinn 17. og 18. mars 2010. Mjög kalt var og kól stefnandi þannig að ætla má að hann hljóti varanlegt mein af. Í málinu krefst stefnandi annars vegar viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefnda, Löndunar ehf., og hins vegar að viðurkenndur verði réttur stefnanda til bóta úr launþegatryggingu stefnda, Löndunar ehf., hjá Tryggingarmiðstöðinni hf.

Gagnvart stefnda, Löndun ehf., byggir stefnandi á vinnuveitandaábyrgðinni, svo og á almennu skaðabótareglunni. Fyrir liggur að stefnandi vann aðeins þessa tvo daga hjá stefnda, Löndun ehf. Starfið fólst í uppskipun úr frystilest frystitogara. Fyrri daginn vann stefnandi við uppskipun úr grænenskum togara, Polar Nanoq, í Hafnarfjarðarhöfn og síðari daginn við uppskipun úr öðrum grænenskum togara, Manu, og fór sú uppskipun fram í Reykjavík. Alls unnu þrettán manns í teymi við uppskipunina, þar af unnu sjö menn niðri í frystilestinni. Samkvæmt vitnisburði eiginkonu stefnanda fyrir dómi kvartaði stefnandi ekki undan kulda í fingrum eftir fyrri daginn. Rétt fyrir vinnulok seinni daginn hvarf stefnandi úr vinnu án þess að gera vinnuveitendum sínum viðvart og fór á slysadeildina og var þá komið kal í fingurna.

Samkvæmt framburðum Stefáns Sigurjónssonar, Hólmars Þórs Unnarssonar og Péturs Kristinssonar bera þeir að við uppskipun á frystum fiski séu notaðir grænir vettlingar og síðan appelsínugulir vettlingar þar yfir. Stefnandi hafi fengið slíka vettlinga. Samkvæmt framburði Hólmars Þórs afhenti hann stefnanda slíka vettlinga fyrri daginn. Daginn eftir mætti stefnandi vettlingalaus og samkvæmt framburði Stefáns Sigurjónssonar afhenti hann stefnanda slíka vettlinga seinni daginn. Óupplýst er hvar stefnandi fékk þá vettlinga, loðfóðraða gúmmivettlinga, er eiginkona stefnanda sýndi í dómi, en stefnandi gaf ekki skýrslu fyrir dómi. Því verður að leggja til grundvallar að stefndi, Löndun ehf., hafi afhent stefnanda viðeigandi hlífabúnað, en ekki er um það deilt, að annar fatnaður stefnanda hafi ekki verið fullnægjandi. Ekki liggur því annað fyrir en að stefndi, Löndun ehf., hafi fullnægt þeim skyldum sem lagðar eru á vinnuveitendur, sbr. reglur nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa.

Vitnin, Stefán, Hólmar Þór og Pétur, bera það fyrir dómi að togarinn Manu, er unnið var við seinni daginn, sé ekki búinn blásturskælingu, svo sem stefnandi heldur fram. Sá togari sem unnið var í fyrri daginn, Polar Nanoq, sé aftur á móti með slíkan útbúnað. Þá sé frystilest togarans Manu þannig úr garði gerð, að um opið rými sé að ræða og góður stigi með handriði liggja upp úr lestinni. Því á tilvitnun stefnanda til reglna nr. 429/1995 um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðu rými ekki við. Leggja verður framburð vitnanna til grundvallar í málinu og er málsástæðum stefnanda hér að lútandi því hafnað. Þá er því hafnað að verkstjóri hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. lögum nr. 46/1980.

Þá byggir stefnandi á því að stefndi, Löndun ehf., hafi vanrækt skyldu sem á félaginu hvílir, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Á það er ekki fallist þar sem stefndi sendi Vinnueftirlitinu tilkynningu innan viku, eða 24. mars 2010 og er það í samræmi við 2. mgr. greinarinnar. Þar fyrir utan verður ekki séð að þessi dráttur á sendingu tilkynningarinnar hafi haft áhrif á mat á sönnun í málinu.

Með vísan til þess sem að framan greinir er því hafnað að stefndi, Löndun ehf., hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Stefndi, Löndun ehf., hefur verið starfrækt í um tuttugu ár og upplýst var fyrir dómi að þetta væri í fyrsta skipti sem starfsmaður hefði fengið kalsár samsvarandi því er stefnandi fékk. Tilvitnanir stefnanda til tilskipunar nr. 89/391/EBE sem og 23. gr. a laga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009, eiga ekki við eins og atvikum málsins er hátt.

Stefnda, Tryggingamiðstöðinni hf., er stefnt til greiðslu bóta úr slysatryggingu launþega. Um þá tryggingu gilda skilmálar nr. 380. Í 4. mgr. 1. gr. segir að með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Því er hafnað að kal á fingrum/tám geti fallið undir skilgreiningu þessa, þar sem meðal annars sé ekki um skyndilegan atburð að ræða heldur atburð sem tekur nokkurn tíma. Því er hafnað kröfum stefnanda um greiðslu úr slysatryggingu launþega.

Þá er Tryggingamiðstöðinni hf. stefnt til réttargæslu vegna ábyrgðartryggingar stefnda, Löndunar ehf., hjá Tryggingamiðstöðinni. Um þessa tryggingu gilda skilmálar nr. 200. Í 1. mgr. 3. gr. þeirra er hliðstætt skilyrði og í 4. mgr. 1. gr. skilmála 380, samanber hér að framan, þ.e. að líkamstjónið verði rakið til skyndilegs óvænts atburðar. Samkvæmt framangreindu telst kal ekki skyndilegur atburður.

Með vísan til þess sem að framan greinir er hvorki hægt að rekja líkamstjón stefnanda til stefnda, Löndunar ehf., starfsmanna fyrirtækisins né atvika er stefndi, Löndun ehf., ber ábyrgð á. Þá er hvorki fallist á að líkamstjón stefnanda geti talist slys samkvæmt vátryggingaskilmálum nr. 380 um slysatryggingu launþega, né heldur vátryggingaskilmálum nr. 200 um ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur. Því eru stefndu sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ.e. málflutningsþóknun Steingríms Þormóðssonar hrl., 500.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Löndun ehf. og Tryggingamiðstöðin hf. eru sýknuð af kröfum stefnanda, Flemming Dan Christensen.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin
málflutningsþóknun lögmanns hans, Steingríms Þormóðssonar hrl., 500.000 krónur.

Sigrún Guðmundsdóttir.